

Barnamenningarhátíð í Garðabæ 2021

Hugmyndir menningarfulltrúa

Hátíðin verði samtímis Barnamenningarhátíð í Reykjavík eða í apríl á hverju ári.

Barnamenningarhátíð í Garðabæ samanstandi af viðburðum, sýningum og smiðjum sem börn taka þátt í að skapa eða eru gerð með það fyrir augum að örva, gleðja og skemmta börnum í bæjarfélaginu.

Lagt til að hátíðin verði þrískipt:

- Langtímaverkefni: Hönnunarsafn og Bókasafn ásamt fagfólki á sviði hönnunar/bókmennta/myndlistar leiða útvalda skólahópa í vinnu sem fer fram á söfnunum og í skólunum og miðar að því að tvær sýningar verði settar upp á Barnamenningarhátíð. Óskað verður eftir þátttöku skólanna og 2 hópar valdir úr.
- Barnamenningarhátíð einkennist af smiðjum í Hönnunarsafni og á Bókasafni Garðabæjar þar sem sérfræðingar leiða vinnu sem mynda verk sem stækkar með hverjum deginum. Tónleikar í Tónlistarskóla Garðabæjar verða einnig á dagskrá fyrir ákveðnar bekkjardeildir.
- Barnamenningarhátíð í Garðabæ lýkur með fjölskyldudegi (ef covid lofar). Smiðjur og önnur dagskrá verður í boði en foreldrar fá tækifæri til að taka þátt í sömu verkefnum og börn þeirra og bæta við listaverkin í söfnunum. Þannig fái fjölskyldan öll að njóta saman í lok vikunnar og foreldrar að eiga hlutdeild í skapandi vinnu barna sinna.